

Fundargerð

43. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, þriðjudaginn 8. september 2020 í sal D.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Gunnar Svavarsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir, Eiríkur Mörk Valsson, Íris Berg Bryde verkefnastjóri og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð frá fundum 41 og 42 höfðu verið samþykktar. Milli funda samþykktar frestanir á mótahaldi m.a. vegna Covid og ný dagsetning staðfest á ársþingi.

2. Frjálsípróttaping haustið 2020

Ákveðið að þrátt fyrir lítil viðbrögð, enda skiljanlegt í ljósi tíðra frestanna, að senda þinggögnin út fös. 18.9, tveimur vikum fyrir þing. Búið að tilkynna stund og stað í Hafnarfirði fös. 2. okt – lau. 3. okt. Rætt um undirbúning. Engar lagabreytingar borist.

3. Afreksmál 2020 – Seinni úthlutun

Afreksstjóri gerir grein fyrir ýmsum málum. Þessu tengt er farið yfir staðfestingu á Íslandsmetum, en stjórnin ítrekar að mikilvægt er að fylgja settum verklagsreglum með staðfestinguna af hálfu aðildarféлага og afreksfólksins. Það gildir einnig um að sinna lyfjaprófi innan tilsetts tíma í samræmi við reglur. Stjórnin getur því ekki tilkynnt Íslandsmet sem eru sett án þess að til komi staðfestingar 3ja aðila í samræmi við reglur. Afreksstjóri mun funda með faghóp vegna seinni úthlutunar úr afrekssjóð FRÍ, en gert er ráð fyrir að úthlutunin lendi á borði nýrrar stjórnar.

4. Þjóðarleikvangur

Gert grein fyrir fundi með ÍTR. Sett af stað skýrsluvinnu með mannvirkjanefnd í kjölfarið. Gert grein fyrir að enn er búist við að mennta- og menningarmálaráðherra skipi starfshóp um þjóðarleikvang við þingsetningu.

5. Fjármál

Gjaldkeri og afreksstjóri gerðu grein fyrir fundi með ÍSÍ. Það sem þar kom fram mun hugsanlega hafa áhrif á tekjugrunn FRÍ og afreksúthlutanir á árinu 2021.

6. Önnur mál

a. Vígsla. Formaður gerði grein fyrir vígslu á fjölnotaípróttahúsi hjá ÍR. Einnig sagði hann frá fyrirhugaðri vígslu á Egilsstöðum nk. laugardag.

b. Þríþrautin. Rætt um útbreiðslumál.

c. Breiðablik. Aðalstjórn og stjórn frjálsípróttadeildar hafa óskað eftir fundi með FRÍ. Fundurinn verður nk. fimmtudag í Kópavogi. Formaður og ritari mæta á hvítum hesti.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 18:10 með því að fólk tók niður grímurnar og henti einnota hönskunum.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.